

Ed.

344. Breytingartillögur

[13. mál]

við frv. til l. um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „Vélskólans í Reykjavík“ komi: Vélskóla Íslands.
2. Við 4. gr. Í stað „Vélskólinn í Reykjavík“ komi: Vélskóli Íslands.
3. Við 6. gr. Í stað „dýptarmæla, miðunarstöðva“ í 1. mgr. komi: dýptarmæla, radartækja, miðunarstöðva.
4. Við fyrirsögn III. kafla. Í stað „Vélskólinn í Reykjavík“ komi: Vélskóli Íslands.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Vélskóli Íslands starfar í Reykjavík. Markmið hans er að búa nemendur undir að ljúka vélstjóraprófi 2., 3. og 4. stigs. Auk þess hefur skólinn með höndum námskeið vegna vélstjóranáms 1. stigs, sbr. II. kafla. Skólinn starfar í þrem bekkjum. Þá er skólanum og heimilt, ef þörf krefur og aðstæður leyfa, að halda uppi kennslu fyrir 2. námstig (I. bekk) utan Reykjavíkur.
6. Við 10. gr. Í stað „Vélskólans í Reykjavík“ í 1. mgr. komi: Vélskóla Íslands.
7. Við 11. gr. Í stað „dýptarmæla, miðunarstöðva“ (I. bekkur) komi: dýptarmæla, radartækja, miðunarstöðva.